

Garðabær 30.sept 2019

Berist til: Bæjarstjórnar Garðabæjar**Erindi:** Beiðni fyrir breytingum á Ásgarði og TM höllin.

Í erindi þessu óska ég fyrir hönd UMF Stjörnunnar að forsvarsmenn íþróttamála setji saman nefnd með forsvarmönnum Stjörnunnar sem vinni að tillögu á því að gera Ásgarð að keppnishöll meistaraflokka Stjörnunnar í körfubolta og handbolta, fyrir keppnistímabilið sem hefst haustið 2020 eða um áramótin 2020.

Forsendur þessara breytinga eru að TM höllin þarf töluverða upplýftingu í formi bættrar aðstöðu fyrir áhorfendur og styrktaraðila, grillaðstöðu, stúku og klukku, en því fylgir mikil kostnaðaraukning fyrir sveitarfélagið þar sem krafa er gerð um eins aðstæður í Ásgarði og Mýrinni. Einnig er hjarta félagsins í Ásgarði og við höfum verið að vinna í því að þetta raðir félagsins og auka samvinnu milli deildanna.


Ljóst er að þetta fyrirkomulag þarfnast breytinga. Dæmi um breytingu eru uppsetingar á auglýsingum fyrir styrktaraðila, en mörg félög komin með LED skilti til að auðvelda fjáröflun í formi styrkja.

Fyrstu útreikningar benda til stóraukins sparnarðar fyrir sveitarfélagið og einfaldara fyrirkomulag þar sem aðeins um eina keppnishöll er að ræða í sveitarfélaginu fyrir Stjörnuna. Að auki mun félagsstarfið og samvinna eflast innan Stjörnunnar sem er einnig hagræðing í rekstri félagsins.

Við óskum því eftir að settur verði upp vinnuhópur sem vinni saman að því að greina þær breytingar sem nauðsynlegt er að fara í.

Með von um góðar undirtektir

Fyrir hönd UMF Stjörnunnar



Ása Inga Þorsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri UMF Stjarnan

